



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: María Björk Hermannsdóttir, fjármálastjóri

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi viðburði fyrir starfsfólk á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Á fundi stafræns ráðs þann 14. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 50. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. janúar 2024:

Hver er kostnaður þjónustu- og nýsköpunarsviðs vegna starfsmannaviðburða undanfarin fjögur ár?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 15. febrúar 2024.

Svar:

Árin 2020-2023 var kostnaður þjónustu- og nýsköpunarsviðs vegna starfsmannaviðburða að meðaltali kr. 20.065 per starfsmann á ári eða alls 3,81 m.kr. á ári. Samtals yfir fjögur ár er kostnaðurinn kr. 15.249.021,-.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

María Björk Hermannsdóttir,
fjármálastjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs